

Nýr hópur fyrir fólk með geðklofa

Í FRAMHALDI af fyrirspurn Gardars Sölva Helgasonar á aðalfundi Geðhjálp 2. apríl sl. hefur verið ákveðið að stofna hóp fyrir fólk með geðklofa. Hópurinn mun hittast á föstudögum kl. 13.30 í húsi Geðhjálp- ar að Túngötu 7.

Markmið hópsins er að bæta líðan þátttakenda með því að þeir deili reynslu sinni með öðr-

um og læri af því sem aðrir hafa gert til að ná betri heilsu. Umfram allt á þátttaka í hópnum að vera uppbyggileg þó svo að mál- efnid sé á stundum erfitt, segir í frétt frá Geðhjálp.

Guðbjörg Daníelsdóttir, sál- fræðingur hjá Geðhjálp, og Mar- grét Eiríksdóttir, hjúkrunar- fræðingur á Kleppi, verða hópnum til halds og trausts.